

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 688/94**

frá 28. mars 1994

**um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 um frestun á beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, með tilliti til innflutnings frá tilteknum þriðju löndum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2608/93 <sup>(2)</sup>, einkum öðrum undirlið 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 frá 22. desember 1992 <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 1593/93 <sup>(4)</sup>, var beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 frestað í 15 mánuði með tilliti til innfluttra afurða frá tilteknum þriðju löndum.Nokkur þriðju lönd hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um að verða bætt í skrána yfir þriðju lönd sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ásamt tilteknum upplýsingum sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 <sup>(5)</sup> áður en fresturinn sem um getur í öðrum undirlið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 rennur út.

Gagnvart sumum tiltekinna þriðju landa hefur athugun á fyrrnefndum upplýsingum leitt í ljós að í gildi eru reglur um framleiðslu og eftirlit sem virðast í aðalatriðum fullnægja kröfunni

um samræmi sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91. Samt sem áður ber að ljúka athuginni varðandi ákveðin atriði og kanna gögnin í smáatriðum sem hefur í för með sér að ekki er unnt, á því stigi sem athugun fyrrnefndra upplýsinga er, að taka ákvörðun um að bæta þessum þriðju löndum inn á skrána sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

Að því er tiltekin EFTA-lönd varðar mun fyrirkomulag á innflutningi frá þeim löndum til landa bandalagsins brátt heyra undir ákvæði EES-samningsins.

Af þessu leiðir að þörf er á að lengja frestinn til að ljúka athuginni.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3713/92: orðin „í 26 mánuði“ komi í stað „í sex mánuði“.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1994.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 84, 29. 3. 1994, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 9.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 239, 24. 9. 1993, bls. 10.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 378, 23. 12. 1992, bls. 21.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 153, 25. 6. 1993, bls. 15.<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 11, 17. 1. 1992, bls. 14.